



Fundargerð hreppsnefndar 30. apríl 2018

Fundargerð 79. fundar sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps sem haldinn var mánudaginn 30. apríl 2018, kl. 12:00. Fundarstaður Mikligarður

Mætt til fundar voru: Stefán Grímur Rafnsson, Elísa Jonsen Creed, Hinrik Ingólfsson, Agnar Karl Árnason, Eyjólfur Sigurðsson, Bárður Jónasson, og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð, Magnús Jónsson, endurskoðandi frá KPMG endurskoðun og Baldur Kjartansson, skrifstofustjóri.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrá:

1. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2017 tekinn til fyrri umræðu. Magnús Jónsson, endurskoðandi fór yfir reikninginn og svaraði spurningum fundarmanna.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2017 var lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps mánudaginn 30. apríl 2018. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður ársreikninginn tekinn til síðari umræðu í sveitarstjórn 17. maí nk.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A- og B-hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B-hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir aldraðra, Legudeildin Sundabúð, Lyfsala og Arnarvatn ehf.

Helstu niðurstöður ársreiknings 2017 eru eftirfarandi:

- * Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var jákvæð um 96 millj. kr., en niðurstaða A hluta var jákvæð um 34 millj. kr.
- * Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 138 millj. kr., en 57 millj. kr. í A hluta.
- * Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 553 millj. kr. í árslok 2017, en 558 millj. kr. í A hluta.
- * Eigið fé A og B hluta nam um 1.043 millj. kr. í árslok en eigið fé A hluta nam um 689 millj. kr.
- * Skuldahlutfall A og B hluta, skv. skilgreiningu í reglugerð um fjárhagsleg viðmið nr. 502/2012, nemur 52 % í árslok 2017, en þetta hlutfall var 62 % í árslok 2016.
- * Skuldaviðmið A og B hluta, skv. sömu reglugerð, nemur 51% í árslok 2017, en þetta hlutfall var 60 % í árslok 2016. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ofangreindri reglugerð þá skulu þessi hlutföll ekki var hærri en 150%.

Þá skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta ekki vera hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili. Rekstrarjöfnuður

Vopnafjarðarhrepps fyrir A og B hluta hefur verið jákvæður undanfarin ár og verður jákvæður áfram gangi fyrirbyggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir.

Bókunin samhljóða samþykkt sem og að vísa reikningnum til síðari umræðu.

2. Hámarkshraði í þéttbýli Vopnafjarðar. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 30. apríl 2015 að hámarkshraði á kaflanum frá Lónabraut 7 að Lónabraut 23 verði 15 km. Fulltrúi lögreglustjórans á Austurlandi hefur bent á í tölvupósti, að mjög óheppilegt sé að setja reglur um hámarkshraða sem ekki sé hægt að framfylgja. Í lögum er ekki gert ráð fyrir sektum eða öðrum viðurlögum vegna brota fyrir lægri hraða en 30 km. Samþykkt samhljóða að halda sig við samþykkt sveitarstjórnar frá 30. apríl 2015 um að hámarkshraði verði 15 km.

3. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2017, lagður fram til kynningar.

4. Oddviti fór yfir niðurstöður íbúakönnunar. Könnunin lögð fram til kynningar.

5. Sveitarstjóri lagði fram áætlaðann kostnað við rekstur miðlægs eldhúss í Sundabúð sem hann tók saman að beiðni sveitarstjórnar. Samkvæmt samantektinni er ávinningur að því að reka eitt miðlægt eldhús í Sundabúð um 12,5 millj. kr. Samþykkt að funda með starfsmönnum og forstöðumönnum viðkomandi stofnana um málið.

6. Fundargerð fræðslunefndar dags. 20. mars 2018, samþykkt samhljóða.

7. Fundargerð menningarmálanefndar dags. 4. apríl 2018, samþykkt samhljóða.

8. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 9. apríl 2018 lögð fram. Eftirfarandi tillaga var lögð fram undir lið 2 í fundargerðinni:

Sveitarstjórn samþykkti fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 9. apríl 2018 og þar með uppbyggingu strandblakvallar við Lónabraut með sex atkvæðum. Agnar Karl Árnason sat hjá. Jafnfram samþykkir sveitarstjórn að gefa út framkvæmdaleyfi til byggingar Strandblakvallar á lóð nr. 4 við Lónabraut, Vopnafirði. Framkvæmdaleyfirð byggir á 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr.772/2012.

Sjónarmiðum íbúanna sem komu fram í bréfi í mars sl. til sveitarstjórnar, sem voru eftirfarandi verður mætt með þessum hætti:

Sandfok sem verður aldrei hægt með öllu að koma í veg fyrir:

Sandur sem notaður verður í völlinn verður sambærilegur sandi sem notaður er í slíka velli um allt land og er samþykkur af Blaksambandi Íslands. Sandurinn sem notaður er í strandblakvelli hefur lítið foggildi. Reynist þörf á að breiða yfir völlinn við ákveðnar aðstæður verður það gert til að hindra enn frekar að sandur berist frá vellinum.

Ónæði vegna hávaða : Í Lögreglusamþykkt fyrir Vopnafjarðarhrepp sem samþykkt var í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 11. júní 2015. segir m.a. í I kafla 6.gr.

„Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði. Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.“

Samhliða fyrirhuguðum blakvelli er lóð Vopnafjarðarskóla og handan götunnar er lóð leikskólans Brekkubæjar. Aldrei hafa borist kvartanir um hávaða frá leiksvæðum skólanna til sveitarstjórnar. Hreppsnefnd telur að með tilkomu strandblakvallar á þessu svæði til viðbótar við önnur leiksvæði muni ónæði gagnvart nágrennum ekki aukast að neinu marki.

Eignartjón vegna þess að oft koma leikmenn til með að þurfa að sækja bolta niður í garða neðan við völlinn: Blakbolti er léttur bolti, og með því að völlurinn er í um 25-30 m fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum er það mat sveitarstjórnar að hverfandi líkur séu á því að slíkur bolti valdi eignartjóni. Þá er gert ráð fyrir að girðing sem er við skólalóðina verði framlengd til móts við Austurborg. Mun það draga verulega úr líkum á að bolti geti farið niður í garða eða valdið tjónum á húsum.

Útsýni skerðist: Varðandi útsýnisskerðingu er vísað til þeirrar hönnunarvinnu sem framundan er þar sem leitast verður við að mæta sjónarmiðum íbúa.

Framtíðar íþróttasvæði: Varðandi staðsetningu á nýju íþróttasvæði þá telur hreppsnefnd það vel koma til greina að blakvöllur verði byggður þar síðar. Enn sem komið er býður svæðið ekki upp á aðstöðu útiblakvallar m.a. þar sem svæðið hefur ekki verið skipulagt í heild sinni t.d. varðandi hvernig hefta megi vind á svæðinu.

9. Fundargerð hönnunarfundar um byggingu vallarhúss dags. 16. apríl 2018, lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð 8.fundar stjórnar SSA, lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð 48. fundar stjórnar Brunavarna á Austurlandi, lögð fram til kynningar.

12. Fundargerð 163. fundar Félagsmálanefndar, lögð fram til kynningar.

13. Þakkarbréf til sveitarstjórnar frá, Karalakór Vopnafjarðar vegna styrks sem menningarmálanefnd og sveitarfélagið veitti kórnum vegna tónleikaferðar til Færeyja.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð borinn upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:43

[Eylgigögn fundar 300418.pdf](#)